

Kvöddu Heilbrigðisstofnun Suðurlands eftir 154 ára starf

■ ■ ■ Magnús Hlynur Heiðarsson

Í byrjun apríl 2018 voru 7 starfsmenn kvaddir sem létu af störfum sökum aldurs á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) á árinu 2017. Samanlagður starfsaldur fólksins við stofnunina eru 154 ár, en innan hópsins eru einstaklingar sem hafa starfað hjá stofnuninni í 30-40 ár. Þau hafa því starfað hjá HSU nær allan sinn starfsferil sem er einstakt. „Við þökkum þeim öllum fyrir vel unnin störf, gott samstarf í gegnum árin og trúmennsku í þágu heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi, auk þess að óska þeim farsældar og velfarnaðar í framtíðinni,“ segir Herdís Gunnarsdóttir, forstjóri HSU.

Þau sem létu af störfum eru:

- Ásta Skúladóttir, móttökuritari á heilsugæslunni í Laugarási, starfaði hjá HSU í 6 ár.
- Bóthildur Steinþórsdóttir, ljósmóðir Selfossi, starfaði hjá HSU í 18 ár.
- Helgi Hauksson, læknir á heilsugæslunni í Þorlákshöfn, starfaði hjá HSU í 38 ár.
- Ingunn Úlfars Sigurjónsdóttir, lækningarari á Selfossi, starfaði hjá HSU í 40 ár.
- Svanlaug Eiríksdóttir, starfsmaður í þvottahúsi Selfossi, starfaði hjá HSU í 9 ár.



Fimm af starfsmönnum sem höfðu tök á því að mæta þegar þeim var haldið kveðjuhóf eftir farsælt og gott starf hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Frá vinstri: Ingunn Úlfars Sigurjónsdóttir, Helgi Hauksson, Þorbjörg Ársælsdóttir, Þorkell Guðbrandsson og Svanlaug Eiríksdóttir.

- Þorbjörg Ársælsdóttir, launafulltrúi á skrifstofu Selfossi, starfaði hjá HSU í 34 ár.
- Þorkell Guðbrandsson, læknir á lyflækn-ingadeild Selfossi, starfaði hjá HSU í 9 ár.

Þá má geta þess að tveir starfsmenn sem störfuðu í Vestmannaeyjum hættu einnig á árinu 2017 sökum aldurs og verður þeim haldið sérstakt kveðjuhóf í Vestmannaeyjum fljótlega.



Heilbrigðisstofnun Norðurlands óskar eftir sérfræðilæknum og almennum læknum til starfa og afleysinga í lengri og styttri tíma. Til greina kemur að ráða lækna í verktöku sé þess óskað

Upplýsingar gefa

Örn Ragnarsson orn.ragnarsson@hsn.is s: 847 5681, framkvæmdastjóri lækninga
Þórhallur Harðarson thorhallur.hardarson@hsn.is s: 892-3091, mannauðsstjóri
Jón H. Björnsson jon.helgi.bjornsson@hsn.is s: 893-3778, forstjóri